

## Borgarráð

**Efni:** Kjarasamningur við Stéttarfélag tölvunarfræðinga, Verkfræðingafélag Íslands, Fræðagarð, Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Félagsráðgjafafélag Íslands, Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga, Iðjuþjálfafélag Íslands, Sálfræðingafélag Íslands, Þroskaþjálfafélag Íslands, Stéttarfélag lögfræðinga og Félag sjúkraþjálfara

### 1. Nýir kjarasamningar til afgreiðslu

Samninganefnd Reykjavíkurborgar hefur skrifað undir nýja kjarasamninga við eftirtalin stéttarfélög:

- Stéttarfélag tölvunarfræðinga, undirritun 25. maí 2020 – til afgreiðslu
- Verkfræðingafélag Íslands, undirritun 12. júní 2020 – til afgreiðslu
- Fræðagarður og Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga, undirritun 25. júní 2020 – til afgreiðslu
- Félag íslenskra náttúrufræðinga, undirritun 25. júní 2020 – til afgreiðslu
- Félagsráðgjafafélag Íslands, undirritun 25. júní 2020 – til afgreiðslu
- Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga, undirritun 25. júní 2020 – til afgreiðslu
- Iðjuþjálfafélag Íslands, undirritun 25. júní 2020 – til afgreiðslu
- Sálfræðingafélag Íslands, undirritun 25. júní 2020 – til afgreiðslu
- Þroskaþjálfafélag Íslands, undirritun 25. júní 2020 – til afgreiðslu
- Stéttarfélag lögfræðinga, undirritun 26. júní 2020 – til afgreiðslu

Þá er lagt upp með að nýr kjarasamningur verði undirritaður við Félag sjúkraþjálfara eigi síðar en þriðjudaginn 30. júní:

- Nýr kjarasamningur við Félag sjúkraþjálfara – til afgreiðslu

### 2. Meginefni nýrra kjarasamninga

Gildistími: 1. apríl 2019 – 31. mars 2023.

Samningarnir fela í sér sambærilegar launahækkanir og Reykjavíkurborg hefur þegar samið við önnur stéttarfélög svo sem Sameyki og Eflingu:

- apríl 2019 hækka laun um kr. 17.000
- apríl 2020 hækka laun um kr. 24.000  
jafnframt verður tekin upp ný launatafla með 1% bil á milli launaflokka, samhliða breyttri tengingu starfsmats við launatöflu í þeim kjarasamningum sem greiða laun samkvæmt starfsmati
- janúar 2021 hækka laun um kr. 24.000
- janúar 2022 hækka laun um kr. 25.000

Greiðslur vegna viðbótarmenntunar taka nú hækkunum með persónuálagi í stað viðbótarlaunaflokka í þeim kjarasamningum sem fá greidd laun samkvæmt starfsmati.

Samhliða atkvæðagreiðslu um nýjan kjarasamning samþykktu félagsmenn í Stéttarfélagi tölvunarfræðinga að taka laun samkvæmt starfsmati.

Launatöflur samkvæmt kjarasamningi Stéttarfélags tölvunarfræðinga og Verkfræðingafélags Íslands taka sömu hækkunum og launatöflur háskólamenntaðra félagsmanna Sameykis en frá sama tíma falla greiðslur í vísindasjóð niður. Frá 1. apríl hækka jafnframt greiðslur í starfsmenntunarsjóð úr 0,6% í 0,92%.

Samkvæmt nýjum kjarasamningum Félags íslenskra náttúrufræðinga og Stéttarfélags lögfræðinga greiða félagsmenn atkvæði um innleiðingu starfsmats á samningstímanum.

Greiðslur í vísindasjóð stéttarféлага innan BHM haldast óbreyttar á samningstímanum í stað hækkunar á grunnþrep launatöflu starfsmats sem samið var við háskólahópa innan Sameykis, Stéttarfélags tölvunarfræðinga og Verkfræðingafélags Íslands. Greiðslur í starfsmenntasjóð breytast frá 1. júlí 2020 þannig að greitt verður 0,22% af heildarlaunum í stað dagvinnulauna. Jafnframt voru aðilar sammála um að fara í aukið samstarf um fræðslumál háskólamenntaðra starfsmanna og koma þannig á móts við sífelld fjölbreyttara starfsumhverfi.

Frá 1. júlí 2020 hækka greiðslur í styrktarsjóð BHM úr 0,55% í 0,75%.

Kjarasamningarnir fela í sér tímamótabreytingar á vinnuumhverfi starfsmanna sem lúta að bættu starfsumhverfi og möguleika á styttri vinnuviku, bæði hjá dagvinnufólki sem og vaktavinnufólki. Sem liður í að draga úr hvata til yfirvinnu í kjölfar styttri vinnuviku var samið um tvískipt yfirvinnuálag. Þá tekur ný grein um önnur laun gildi. Önnur laun geta verið vegna reglubundnar yfirvinnu og starfstengds álags sem ekki verður mælt í tíma. Önnur laun koma í stað tímakaups í yfirvinnu.

Nýir kjarasamningar fela í sér að orlofsávinnsla miðast nú ekki við aldur heldur gildir 30 daga orlofsréttur fyrir alla starfsmenn. Þá er kveðið á um að uppsafnað orlof megi ekki fara yfir 60 daga og 25% lenging á orlofi utan sumarorlofstímabils gildir eingöngu með skriflegri beiðni yfirmanns.

Samkvæmt endurskoðuðum viðræðuáætlunum frá júlí 2019 voru framkvæmdar innágreiðslur 1. ágúst 2019 að upphæð 105.000 kr. til hvers starfsmanns miðað við fullt starf. Hefur verið tekið tillit til þess í launakostnaði vegna 2019.


Ljóst er að stytting vinnuviku hjá vaktavinnufólki mun fela í sér kostnaðarauka vegna viðbótarmönnunar og er tekið tillit til þess í kostnaðarmati.

Til að mæta auknum kröfum til faglegrar menntunar var gert ráð fyrir 55 milljóna króna árlegu viðbótarfjármagni á samningstímanum til launaðra námsleyfa sem skiptast á svið í hlutfalli við stöðugildi. Framlagt kostnaðarmat tekur mið af þeim stöðugildum sem undirritaðir samningar ná til.

Stéttarfélag	Type	Aukinn kostn. v. 2019	Aukinn kostn. v. 2020	Aukinn kostn. v. 2021	Aukinn kostn. v. 2022	% v. 2019	% v. 2020	% v. 2021	% v. 2022
Félag íslenskra náttúrfræðinga	Laun	8.619.283	47.491.010	88.072.361	121.818.392	1,2%	6,7%	12,5%	17,3%
	Sjóðir	-	845.004	1.690.007	1.690.007		0,1%	0,2%	0,2%
		8.619.283	48.336.013	89.762.369	123.508.399	1,2%	6,9%	12,7%	17,5%
Félagsráðgjafafélag Íslands	Laun	15.362.644	134.324.029	229.450.208	297.360.958	1,0%	8,9%	15,2%	19,7%
	Sjóðir	-	1.814.102	3.628.204	3.628.204		0,1%	0,2%	0,2%
		15.362.644	136.138.131	233.078.411	300.989.161	1,0%	9,0%	15,4%	19,9%
Fræðagarður	Laun	13.155.051	92.267.123	162.175.984	215.237.715	1,2%	8,4%	14,7%	19,6%
	Sjóðir	-	1.705.154	3.410.308	3.410.308		0,2%	0,3%	0,3%
		13.155.051	93.972.277	165.586.291	218.648.023	1,2%	8,5%	15,1%	19,9%
Iðjubjálffélag Íslands	Laun	866.812	6.730.758	11.818.608	15.675.699	1,1%	8,4%	14,8%	19,7%
	Sjóðir	-	95.657	191.315	191.315		0,1%	0,2%	0,2%
		866.812	6.826.416	12.009.923	15.867.014	1,1%	8,6%	15,1%	19,9%
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðing	Laun	9.056.089	47.160.478	87.485.592	121.033.870	1,2%	6,5%	12,0%	16,7%
	Sjóðir	-	871.247	1.742.495	1.742.495		0,1%	0,2%	0,2%
		9.056.089	48.031.726	89.228.086	122.776.365	1,2%	6,6%	12,3%	16,9%
Sálfræðingafélag Íslands	Laun	4.527.911	42.746.743	72.566.293	93.567.693	0,9%	8,7%	14,8%	19,0%
	Sjóðir	-	589.599	1.179.198	1.179.198		0,1%	0,2%	0,2%
		4.527.911	43.336.342	73.745.492	94.746.891	0,9%	8,8%	15,0%	19,3%
Stéttarfélag bókasafns- og upplýsinga	Laun	2.829.273	22.388.696	39.639.891	52.938.433	1,2%	9,2%	16,3%	21,8%
	Sjóðir	-	291.794	583.588	583.588		0,1%	0,2%	0,2%
		2.829.273	22.680.490	40.223.479	53.522.021	1,2%	9,3%	16,5%	22,0%
Stéttarfélag lögfræðinga	Laun	4.961.774	25.611.182	47.388.757	65.437.438	1,2%	6,2%	11,6%	16,0%
	Sjóðir	-	492.063	984.125	984.125		0,1%	0,2%	0,2%
		4.961.774	26.103.245	48.372.882	66.421.564	1,2%	6,4%	11,8%	16,2%
Stéttarfélag sjúkrabjálffara	Laun	282.487	2.262.587	3.914.679	5.129.026	1,1%	8,9%	15,3%	20,1%
	Sjóðir	-	30.634	61.268	61.268		0,1%	0,2%	0,2%
		282.487	2.293.221	3.975.947	5.190.294	1,1%	9,0%	15,6%	20,3%
Þroskabjálffélag Íslands	Laun	24.141.375	165.271.533	294.370.041	395.168.724	1,2%	8,2%	14,6%	19,6%
	Stytting vaktavinnu	-	-	24.234.125	36.351.188			0,1%	0,2%
	Sjóðir	-	2.423.413	4.846.825	4.846.825		0,1%	0,2%	0,2%
		24.141.375	167.694.946	323.450.991	436.366.737	1,2%	8,3%	16,0%	21,6%
Stéttarfélag tölvunarfræðinga	Laun	1.826.164	11.960.103	21.715.636	28.095.713	1,5%	9,5%	17,3%	22,4%
	Sjóðir	-	439.085	878.169	878.169		-0,4%	-0,7%	-0,7%
		1.826.164	11.521.019	20.837.467	27.217.544	1,5%	9,2%	16,6%	21,7%
Stéttarfélag verkfræðinga	Laun	3.289.046	25.865.616	43.598.317	55.906.213	1,2%	9,7%	16,4%	21,1%
	Sjóðir	-	1.047.993	2.095.987	2.095.987		-0,4%	-0,8%	-0,8%
		3.289.046	24.817.623	41.502.330	53.810.226	1,2%	9,4%	15,6%	20,3%
Tæknifræðingafélags Íslands	Laun	3.124.420	23.682.542	40.221.428	51.907.762	1,1%	8,7%	14,8%	19,1%
	Sjóðir	-	1.155.165	2.310.330	2.310.330		-0,4%	-0,9%	-0,9%
		3.124.420	22.527.377	37.911.098	49.597.432	1,1%	8,3%	13,9%	18,2%
BHM, Verk&tækni og Tölvunarfr.		92.042.328	654.278.824	1.179.684.767	1.568.661.671	1,2%	8,2%	14,8%	19,7%
	Desember- og orlofsbætur	4.634.203	8.341.566	12.048.928	15.756.290	0,1%	0,1%	0,2%	0,2%
	Námsleyfi	8.086.879	8.086.879	8.086.879	8.086.879	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
ALLS		104.763.410	670.707.269	1.199.820.573	1.592.504.840	1,3%	8,4%	15,0%	20,0%

Niðurstaða kjarasamninganna byggir í meginatriðum á grunni lífskjarasamnings sem samið var um á almenna vinnumarkaðnum 3. apríl 2019 en einnig í samræmi við markmið og megináherslur sem að samninganefnd Reykjavíkurborgar kynnti fyrir viðsemjendum sínum vorið 2019. Með nýjum kjarasamningum er stigið stórt skref til styttingar vinnuvíku bæði hjá dagvinnu- og vaktavinnufólki með það að leiðarljósi að bæta vinnustaðameningu en stuðla jafnframt að bættum lífskjörum og samræmingu fjölskyldu og atvinnulífs.

F.h. samninganefndar Reykjavíkurborgar



**Hjálagt:**

Nýr kjarasamningur Stéttarfélags tölvunarfræðinga, undirritaður 25. maí 2020

Nýr kjarasamningur Verkfræðingafélags Íslands, undirritaður 12. júní 2020

Nýr kjarasamningur Fræðagarðs og Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga, undirritaður 25. júní 2020

Nýr kjarasamningur Félags íslenskra náttúrufræðinga, undirritaður 25. júní 2020

Nýr kjarasamningur Félagsráðgjafafélags Íslands, undirritaður 25. júní 2020

Nýr kjarasamningur Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga, undirritaður 25. júní 2020

Nýr kjarasamningur Iðjuþjálfafélags Íslands, undirritaður 25. júní 2020

Nýr kjarasamningur Sálfræðingafélags Íslands, undirritaður 25. júní 2020

Nýr kjarasamningur Þroskaþjálfafélags Íslands, undirritaður 25. júní 2020

Nýr kjarasamningur Stéttarfélags lögfræðinga, undirritaður 26. júní 2020